

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 694/1994, um framsetningu ársreikninga í samandregnu formi.

#### 1. gr.

Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1. gr. reglugerðarinnar kemur: ársreikningaskrá.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1. mgr. kemur: ársreikningaskrár.
- b. Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1. mgr. kemur: ársreikningaskrá.
- c. Í stað orðsins „félagaskrá“ í 2. mgr. kemur: ársreikningaskrár.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 89. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 22. júní 2001.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Elva Ósk S. Wiium.*

## REGLUGERÐ

### um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga.

*Aðsetur.*

#### 1. gr.

Ársreikningaskrá hefur aðsetur hjá embætti ríkisskattstjóra. Hlutverk ársreikningaskrár er að annast móttöku, geymslu og birtingu ársreikninga skilaskyldra félaga, úrtakskannanir og athaganir á þeim.

*Skilaskyldir aðilar.*

#### 2. gr.

Félögum sem tilgreind eru í 1. og 2. gr. laga nr. 144/1994, ber að skila til ársreikningaskrár gögnum samkvæmt reglugerð þessari til birtingar.

Skilaskyldan hvílir á stjórn og framkvæmdastjóra. Hjá félögum sem ekki hafa formlega stjórn hvílir skilaskyldan á öllum félagsaðilum sameiginlega.

*Birtingarskyld gögn.*

#### 3. gr.

Ársreikning eða eftir atvikum samstæðureikning ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna og upplýsingar um hvenær ársreikningurinn var samþykktur skal senda ársreikningaskrá.

Ef samþykkt á ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps kemur ekki fram á ársreikningnum eða skýrslu stjórnar skal til viðbótar gögnum skv. 1. mgr. senda staðfest endurrit úr gerðabók aðalfundarins þar sem greint er frá ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps.